



# Minnisblað um fund með Mr. Butrick, ódagsett, skipulag kommúnista

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Thor Thors – Ólafur Thors – Finnur Jónsson – 18. ágúst 1948 – Mr. Byrns

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Bréfa- og málasafn 1946-1953.  
Askja 2-15, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 18. ágúst 1948 kom Mr. Butrick á skrifstofu mína og áttum við samtal um nokkur málefni. Meðal annars afhenti hann mér memorandum, dags. 18. ágúst, um skipulag kommúnista hér í bæ. Taldi hann upplýsingar þær, sem í memorandum þessu eru, vera áreiðanlegar, þó að ekki gati hann persónulega ábyrgst, að þær væru óyggjandi. Sérstaklega aðspurður svaraði hann óákveðið, hve áreiðanleg frásögnin væri um, að kommúnistar létu upplýsingar sínar ganga áleiðis til rússnesku sendisveitarinnar hér, og skildist mér suð frásögn frásögn frekar byggð á getgátum en öruggri vissu.

Eg sagði honum, að skipulag það, sem í memorandum þessu er sagt frá, væri í höfuð atriðum ekki ólíkt því, sem aðrir flokkar hefðu hér í bænum og fram að þessu hefði skipulag kommúnista ekki reynst áhrifaríkara en annarra við almennar kosningar, þó að vafalaust væri, að þeir hefðu reynt að fullkomna það á síðustu tímum.

Mr. Butrick léti uppi sérstakar áhyggjur um, að kommúnistar gætu, ef á reyndi, einkum ef strið brytist út, hrifsað til sín völdin og aðrir væru þá óviðbúnir. Eg svaraði, að vissulega væri mikil til í þessu. Af annarra hálfu hefði verið athugað, hvaða varúðarráðstafanir skyldi gera, en enn væru þær mjög ófullkomar og allsendis ófullnægjandi.

Það væri annað mál, að í slíkum átökum mundu kommúnistar sennilega minna treysta á þetta skipulag sitt heldur en á nokkur hundruð manna sveit æstra áhangenda, en þeir gætu att út í hvað sem væri.

Í þessu sambandi spurði ég Mr. Butrick að því, hvort hann teldi braða striðshættu nú. Hann sagðist ekki vita til hennar umfram það, sem á allra vitorði væri. Hitt mundi mér kunnugt, að Bandaríkjastjórn væri farin að safna vörum í stórum stíl miðað við, að strið brytist út; menn hefðu á ný verið kvaddir í herinn og þó að ekki fari hátt um, þá hefðu yfirmenn í hernum værið kvaddir til fyrri starfa. Einnig gat hann þess, að þrátt fyrir

eindregin tilmeli sín hefði Bandaríkjafloti ekki treyst sér til að senda skip til hreinsunarnar í Hvalfirði og hefði verið sagt, að af engu slíku skipi væri haegt að sjá nú. Taldi Mr. Butrick það benda til, að mikil þætti við liggja, að allur útbúnaður væri í lagi þar vestra.

I framhaldi af þessu leiddist talið að því, e.t.v. ekki sízt fyrir minn tilverknað, hvað Bandaríkastjórn mundi gera varðandi Ísland ef til ófriðar kæmi. Mr. Butrick sagði, að á þetta hefði aldrei verið minnst við sig af stjórnvöldum í Bandaríkjunum að öðru leyti en því, að sér væri kunnugt um samtal, sem hefði verið í Washington, – mundi ekki örugglega við hverja, hvort það hefði verið við mig, Ólaf Thors eða þegar forsetinn var þar staddur, – um afstöðuna gegn Íslandi. Samtal þetta hefði verið í sambandi við dinner, sem haldinn hefði verið í húsinu andspænis gamla State Department-húsinu, og hefði þá verið látið uppi af Bandaríkjanna hálfu, að þau mundu nota Ísland eða Keflavíkurflugvöllinn a.m.k., ef til ófriðar kæmi og hefðu Íslendingarnir fallist á það.

Eg svaraði þessu svo, að ef átt væri við samtal, sem nokkrir ir Bandaríjamenn hefðu átt við mig, Finn Jónsson og Thor Thors, í Blair- eða Lee-house í desember 1946, þá væri það alger mis-skilningur, að við hefðum fallist á nokkuð í þessu sambandi. Viðraður þessar hefðu verið algjörlega óformlegar og að okkur viti einungis til skýringar. Við hefðum ekki verið boðnir í pennan miðdegisverð sem neinir fulitrúar stjórnar okkar, og ég ekki einu sinni átt setu í stjórninni á þeim tíma. Við hefðu heldur ekki einu sinni skyrt ríkisstjórninni formlega frá þessum viðraðum, þar sem við hefðum einungis litið á þær sem skýringu Bandaríjamanna á afstöðu sinni og á litlu þeirra á þyðingu Íslands, ef til styrjaldar kæmi, skýringu, sem gefin hefði verið íslenzkum stjórnmalamönnum stöddum í Washington. Viðraðurnar hefðu því aðeins verið til að skýra og kanna sjónarmið hvors annars en ekki á neinn hátt bindandi, enda hefði aðeins verið talad um hugsanlega möguleika en aldrei vikið að neinum skuldbindingum.

Hinsvegar væri okkur auðvitað ljóst - og herði þá verið ljóst - að ef til ófriðar kemi hefðu Bandaríkin betri afstöðu í upphafi en ella vegna réttinda þeirra skv. flugvallarssamningnum, enda hefði það komið glögglega fram í þessum viðræðum í Washington af hálfu Bandaríkjamanna.

Þrátt fyrir þessa aðstöðu yrðu Bandaríkjamenn að gera sér ljóst, - og það lagði ég alveg sérstaka áherzlu á og endur-tök, - að ef til striðs kemi, þá þyrfti sérstakt samþykki íslenzku stjórnarinnar til afnota Keflavíkruflugvallar í striðs-skyni. Ef völlurinn væri notaður í striðsskyni án samþykkis Íslendinga væri því þaði brotnir samningar milli landanna og alþjóðalög.

Mr. Butrick sagði þá, að ef til slíkra samminga þyrfti að koma áður en hann væri notaður þann veg, gæti það orðið hattu-legt vegna þess, að þá mundu Rússar geta komið til landsins á meðan á þessum sammingaumleitunum staði og orðið þannig á undan Bandaríkjamönnum. Eg kvað það ekki líklegt, því að öllum væri ljóst, að ef til ófriðar dragi eða ef sérstök striðshetta væri talin, mundu Bandaríkjamenn sjálfsagt, án ails tilverknaðar Íslendinga, naga ferðum sínum til Þýzkalands, sem þeim væri heim-ilaðar í friðsönum tilgangi, þannig að ætlið væri nokkur flug-floti staddir á Íslandi. Þyrfti því ekki af þeim sökum að ótt-ast, að Rússar yrðu á undan Bandaríkjamönnum. En þess yrði vel að gæta, að þó að slík umferð og skömm viðstaða hér á landi væri heimil, þá réttlætti það ekki, að landið væri - eða flugvöllurinn - notaður sem striðsbasis, án þess að samþykki réttra íslenzkra stjórnvalda kemi til. Enda hefði verið logð á það megin-áherzla af fylgismönnum flugvallarsamningsins í öllum almennum umræðum, að hann heimilaði aðeins friðsamlega umferð vegna hersetunnar í Þýzalandi.

En annað mál væri svo það, að sumir héldu því fram, að sjálfur Keflavíkurvöllurinn og aðstaða Bandaríkjamanna þar færði aukna hattu yfir landið. Hugsanlegt væri, að vegna tilvistar

vallarins mundu Rússar þegar í upphafi styrjaldar og aður en nokkuð annað yrði gert, ráðast á völlinn, reyna að sprengja hann og þá e.t.v. einnig eyðileggja Reykjavík, eyða mannslífum og verðmetum í stórum stíl. Við yrðum þannig að sitja uppi með mikiljum tjón baði á mönnum og verðmetum bótalaust fyrir það, að við hefðum samþykkt veru Bandaríkjumanna hér.

Mr. Butrick svaraði þessu svo, að engin ný hætta væri færð yfir landið af þessum sökum. Í síðustu styrjöld hefði raunin órðið sú, að Bretar hefðu hertekið landið jafnvel þó að engir flugvellir væru þá hér til og sjálfrir útbúið pá. Bandaríkjumenn hefðu síðan komið eftir sammingum við okkur og útbúið fleiri flugvelli. Svipað mundi fara í nýrri styrjöld. Aðalatriðið væri, að við værum á styztu fluglínunni milli þeirra tveggja velda, sem hugsanlegt væri að til átaka mundi koma á milli. Sú staðreynd yrði ekki umfluín og við yrðum að setta okkur við afleiðingar hennar. Hjó eina, sem breytt gati þessu, væri, ef ný tákni gerði þyfingu Íslands minni en nú eða enga, en sú tákni ætti að sínu viti langt í land. Nú yrðum við að fara að eins og aðrar þjóðir, að velja hvorum megin við vildum vera. Norðmenn væru nú þegar búinir að gera sitt val og Danir langt komnir en Svíar e.t.v. enn nokkuð á báðum áttum. Við kemumst ekki undan staðreyndunum eins og þær lagi fyrir. Það væri og vitað, að megin þorri allra Íslendinga væri með Bandaríkjumönnum eða Vesturveldunum og óskuðu þeim sigurs ef til átaka kemi, og mundu ekki aðeins búast við, að þeir kemi þá hingað til lands með her heldur einnig vonast eftir því.

Ég sagði, að vafalaust væri, að yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga óskaði Vesturveldunum sigurs, ef til ófriðar kemi, en þess yrði að gata, að margir neldi því fram, einnig velviljaðir menn og aðrir en kommunistar, að við ættum að láta deilur stórveldanna með öllu afskiptalausar. Þau yrðu að gera upp sín mál sín á milli, en við að halda áfram að búi í friði í okkar litla landi, eins og við hefðum gert um langan tíma. Verið gati, að sumir segðu þetta í þeirri von, að flotar Breta og Bandaríkjumanna væru svo öflugir, að engin hætta væri af þeim sökum á því,

að Rússar gátu sett sig hér fasta, og mundu þegar af þeirri ástæðu ekki reyma það. Af sömu ástæðu hefði ég talið, að sú hætta sem hann teldi á kommúnistabyltingu hér ef til ófriðar kemi, væri ekki sérlega mikil, þar sem kommúnistar mundu telja vist, að Bandaríkin mundu ekki pola það, að þeir gripi völdin óloglega á Íslandi, þegar stríð væri byrjað eða yfirvefandi.

Mr. Butrick sagðist ekki geta sagt mikil um þá hætta, sem Ísland kynni að vera í. Þeð, sem hann vonaði, væri, að ef til ófriðar kemi yrði Bandaríkjaflugher fljótari hingað heldur en rússneskur. Væri það þó mjög undir veðri komið vegna þess, að flugher Bandaríkjamanna kynni að vera kyrsettur vegna verðurs vestan við Atlantshafið og meðan kemu Rússar hingað. Eg varpaði fram þeirri spurningu, hvort þetta væri svo líklegt, þegar á það væri litið, að hæpið væri, að ef svo ófriðvanlega væri í heiminum, að stríð gati brotist út á hverri stundu, að Bandaríkjamenn hefðu þá ekki flugfleta stadda á ollum viðkomuastöðum á leiðinni til Þýzkalands. Mr. Butrick kvað það kynni mega svo vera en um hattuna væri hann sem sagt ekki maður til að dæma; sig skorti sérekkingu á því. Um hana yrðu hernaðarsérfræðingar að segja, ef mark ætti að taka á. Grunur manna væri sá, þótt það væri ekki örugg viða, að Rússar hefðu flugvöll í Spitzbergen og eins hefðu þeir afstöðu norðarlega í Finnlandi og a.m.k. gátu þeir tekið ailt Finnland hvenær sem þeim litist. Þeir varu því alls ekki jafnlangt undan eins og við e.t.v. vildum vera láta.

Í þessu sambandi drap ég á orðróminn, er gekk í summar, um að rússneskur her kynni að vera um borð í rússnesku síldarskipunum og sagði, að ég hefði sagt Mr. Byrns frá þeim orðrómi, í fjarveru Butricks í Bandaríkjum, til að fregna hjá honum, hvort nokkur slík braðmeginhætta væri á heimsmálum, að þetta gati verið trúlegt, en Mr. Byrns hefði sagt, að svo væri ekki, og lofað að láta mig vita, ef breyting yrði þar á.

Mr. Butrick spurði þá, hvort Rússarnir varu nér ennþá

og kvaðst ég halda svo vera og sagði honum frá því, þegar eitt rússneska skipið var tekið í landhelgi og skipstjórinn reyndi þrísvar að kasta sér í sjóinn á leiðinni inn og sagði yfirmanninum á skipinu, að hann og sörir yfirmenn þessa rússneska veiðiskipa, hefðu allir verið, og væru enn, í rússneska flotanum, en sjálfur hefði hann aldrei nálegt síldveiðum komið. Þá sagði ég og skoðun íslenzkra sjómanna, að Rússarnir yfirleitt virtust lítið kunna til veiðanna, enda hefðu þeir Íslendingar, sem þeir fengu um borð, ekki verið sérfraðingar í síldveiðum, a.m.k. ekki annar þeirra. Mr. Butrick spurði þá nánar um stærð skipanna. Sagði ég, að stærsta skipið mundi vera Liberty-skip, sem Bandaríkjamenn hefðu látið Rússum í té. Mr. Butrick sagði, að það mundi sennilega enn vera í eigu Bandaríkjastjórnar. Ég svaraði því til, að þeir hefðu þá e.t.v. lánað þá í þessum sérstaka tilgangi hingað upp til Íslands.

Að svo búnu snérist samtalið að öðru, en ég létt bað einhverntíma undir samtalinni uppi, að ég væri því feginn, að Mr. Butrick hefði leitt samtalið að þessu efni, vegna þess að við hefðum töluvert um þetta hugsað en ekki talið tímabart að teka það að fyrra bragði upp við Bandaríkjastjórn, en hann vildi þá ekki við það kannast, að hann hefði byrjað umræðjur um þetta efni og varð að samkomulagi, að segja mætti, að samtalið hefði leiðst að þessu efni.